

## Trú og ofbeldi

### Trúarskilningur Charles Kimballs í gagnrýnu ljósi

Heimurinn er fullur af ofbeldi<sup>1</sup> og voðaverkum. Daglega fáum við fréttir af stríðsátökum víðs vegar um lönd þar sem karlar, konur og börn eru drepin, limlest, rekin á flóttu og umhverfi þeirra lagt í rúst. Auk þess að vekja manni ugg og ótta vekja þessar staðreyndir áleitnar spurningar um manninn og eðli hans. Hvað skýrir hið gegndarlausu ofbeldi sem maðurinn sýnir af sér í veröldinni? Má rekja það til þess sem kallað er mannglegt eðli eða er nærtækara að líta svo á að ákveðnir þættir í umhverfi mannsins og menningu stuðli að ofbeldi? Er það rétt sem oft er haldið fram, að trú (e. *religion*) sé einn slíkur þáttur? Ef svarið við þeirri spurningu er jákvætt, hvernig má þá skýra það?

Fræðimenn á ýmsum sviðum hafa velt ofangreindum spurningum fyrir sér. Einn þeirra, mannfræðingurinn Douglas P. Fry, bendir á að algengt sé að líta svo á að ófriður og átök séu óumflýjanlegir fylgifiskar mannglegrar tilveru. Þá sé það mjög algengt að líta svo á að ofbeldi sé hluti mannlegs eðlis.<sup>2</sup> Slíkan ofbeldis- og mannskilningur rekur Fry ekki síst til heimspekingins Thomas Hobbes (1588–1679) ásamt fjölmörgum sporgöngumönnum hans, s.s. Jonathan Swift, Thomas Huxley, William James, Sigmund Freud og fleiri.<sup>3</sup> Í hnotskurn er það skoðun Frys að vestræn menning styðjist alla jafna við mannskilning sem byggist á hugmyndum um stríðsmanninn (e. *man the warrior*).<sup>4</sup> Í bók sinni, sem kom út árið 2007, nefnir Fry hins vegar ekki trú eða trúarhefðir sem einn þeirra þátta sem geti tengst ofbeldishegðun og stríðsátökum. Það gera aftur á móti fjölmargir aðrir höfundar en eftir 11. september 2001 má segja að sprenging hafi orðið í útgáfu bóka þar sem því er haldið fram að trú sé þess eðlis að hún geti leitt til eða jafnvel orsakað ofbeldi.<sup>5</sup> Mjög er misjafnt hvernig þessi tengsl eru útskýrð og fer það nokkuð eftir því hvaða fræðigreinin menn tilheyra.

Einn er þó sá fræðimaður sem dregur í efa réttmæti staðhæfinga um að sérstök tengsl séu á milli trúar og ofbeldis en það er guðfræðingurinn William T. Cavanaugh.<sup>6</sup> Meginmótbára hans lýtur að því að hugtakið trú sé yfirleitt óljóst skilgreint. Annað sem hann gerir athugasemdir við er aðgreiningin milli hins svokallaða trúarlega og veraldlega sviðs sem liggur til

<sup>1</sup> Algeng skilgreining á ofbeldi er tilraun einstaklings eða hóps til að koma fram eigin vilja, í orðum eða gerðum, gagnvart öðrum aðila og valda viðkomandi með þeim hætti sálrænum eða líkamlegum skaða.

<sup>2</sup> Douglas P. Fry, *Beyond War: The Human Potential for Peace*, Oxford: Oxford University Press, 2007, bls. 208.

<sup>3</sup> Sama rit, bls. 12.

<sup>4</sup> Sama rit, bls. 210.

<sup>5</sup> Nokkur nýleg dæmi úr bandarískum fræðaheimi eru Charles Selengut, *Sacred Fury: Understanding Religious Violence*, Walnut Creek, CA: Alta Mira, 2003; Oliver McTernan, *Violence in God's Name: Religion in an Age of Conflict*, Maryknoll, NY: Orbis, 2003; Jack Nelson-Pallmeyer, *Is Religion Killing Us? Violence in the Bible and the Quran*, Harrisburg, PA: Trinity Press International, 2003; Jessica Stern, *Terror in the Name of God: Why Religious Militants Kill*, New York: Ecco, 2003; Hector Avalos, *Fighting Words: The Origins of Religious Violence*, Amherst, NY: Prometheus, 2005; Keith Ward, *Is Religion Dangerous?* Grand Rapids, MI: Eerdmans, 2007.

<sup>6</sup> William T. Cavanaugh, *The Myth of Religious Violence: Secular Ideology and the Roots of Modern Conflict*, Oxford: Oxford University Press, 2009, bls. 15.

grundvallar þessari umræðu að miklu leyti. Hvað þá aðgreiningu áhrærir segir hann algengt að gengið sé út frá því að hið trúarlega svið einkennist af fáfræði og fordómum andstætt því sem gangi og gerist á hinu svokallaða veraldlega sviði. Séu forsendurnar jafn afdráttarlausar og raun ber vitni, sé augljóst hver niðurstaða samanburðar hins trúarlega og hins veraldlega sé. Vandamálið, að dómi Cavanaugh, er hins vegar það að aðgreiningin sem slík orkar tvímælis og því hvetur hann til þess að bæði hún og trúarhugtakið sé krufið til mergjar.<sup>7</sup>

Í eftirfarandi skrifum er tekið undir með Cavanaugh og er meginmarkmið greinarinnar að leggja mat á gagnsemi ofangreindrar aðgreiningar í skrifum þekkts trúarbragðafræðings, Charles Kimballs. Kimball er einn fjölmargra sem skrifað hafa um trú og ofbeldi nýlega og verða skrif hans tekin sem dæmi um þau. Fullyrðingum Kimballs um fimm hættumerki trúar verður lýst og jafnframt lögð áhersla á greiningu á trúarhugtaki hans. Hvað á Kimball við með trú og hvernig má skýra það að hún sem slík geti komið ofbeldi til leiðar?

Enska hugtakið *religion* er það hugtak sem allir þeir fræðimenn sem ég vitna til nota. Það hugtak er hér ýmist þýtt sem trú, trúarbrögð eða átrúnaður á íslensku. Eins og fram kemur í greininni er það nokkuð misjafnt hvernig fræðimenn skilja hugtakið *religion*. Eg mun leggja mat á samhengi skrifanna hverju sinni og nota ýmist orðin trú, trúarsannfæring eða trúarhefð eftir því sem mér finnst best eiga við. Orðið trúarbrögð nota ég sjaldan af þeirri ástæðu að mér finnst það orð ekki eins lýsandi og gegnsætt og orðið trúarhefð. Markmiðið með þessum þýðingarblæbrigðum er að sjálfsögðu það að reyna að koma merkingu skrifna fræðimannanna sem best til skila í mínum eigin texta.

## Hinir afbökðu þættir trúarinnar

Charles Kimball, sérfræðingur í samanburðartrúarbragðafræði, sendi frá sér bókina *When Religion becomes Evil* árið 2002 og varð hún metsölubók í Bandaríkjunum þegar í stað enda skammt um liðið frá hryðjuverkaárásinni á Tvíburaturnana í New York. Margir þekktir rithöfundar skrifuðu ritdóma um bókina og luku flestir lofsorði á greiningu Kimballs á myrkum þáttum trúar.<sup>8</sup> Boðskap bókarinnar var líkt við brunabjöllu sem hringt væri um hánótt í því skyni að hreinsa helstu trúarbrögð heimsins af hatri og heift. Undir þetta tóku gagnrýnendurnir heils hugar og sögðu að annars væri voðinn vís. En hverju heldur Kimball þá fram um trú í þessari bók, hvert er vandamálið og hver er lausnin á því?

Augljóst er að Kimball stígur fram á ritvöllinn til að varpa ljósi á hryðjuverkin 11. september 2001 og vara við þeirri hættu sem stafað getur af rangri beitingu trúarsannfæringar í samfélaginu. Í upphafi bókarinnar staðhæfir hann að trú sé einn öflugasti og áhrifamesti sannfæringarmáttur sem fyrirfinnst í heiminum. Um það geymi sagan fjölmörg dæmi, bæði góð og miður góð, en samkvæmt túlkun hans hafa trúarhreyfingar og trúarstofnanir átt þátt í fjölda stríða í sögu og samtíð.<sup>9</sup> Kimball talar jöfnum höndum um trúarlega hugmyndafræði, sannfæringu, heimsmynd og hollustu — hugtök sem hann svo með ýmsum hætti tengir við ofbeldi. Markmið hans er að draga fram þau einkenni trúar sem geta valdið því að fólk fremji ofbeldisglæpi og nefnir fimm atriði sem hann kallar viðvörunarljós en þau eigi það sammerkt að ef þau kvikna, þá sé ofbeldi á næsta leiti. Viðvörunarljósin fimm felast

<sup>7</sup> Sama rit, bls. 16.

<sup>8</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil: Five Warning Signs*, San Francisco CA: Harper San Francisco, 2008 (2002). Sjá bakhlið bókarkápunnar.

<sup>9</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil*, bls. 1.

í óvæfengjanlegum staðhæfingum, blindri hlýðni, hugmyndinni um fullnustu tímans eða úrslitastund sögunnar, sannfæringu um að tilgangurinn helgi meðalið og loks yfirlýsingu um heilagt stríð. Ekki þurfa viðvörunarljósinn að kvikna öll heldur nægir að eitt eða fleiri láti á sér kræla til þess að hætta á ofbeldi sé yfirvofandi.<sup>10</sup>

Kimball greinir frá því að í inngangsnámskeiðum sínum í trúarbragðafræði biðji hann stúdentana oft að skilgreina hugtakið *religion*. Reynsla hans sýnir að þeir eiga mjög erfitt með það þrátt fyrir að „þessir greindu stúdentar viti augljóslega hvað trú er“, skrifar hann.<sup>11</sup> Hvað er þá trú? Svar Kimballs er eftirfarandi: „Trú er miðlægur þáttur í mannlegu lífi. Við sjáum margvísleg merki um hana á hverjum degi og þekkjum hana því þegar við sjáum hana“.<sup>12</sup> Þetta hljómar bæði opið og einfalt en annað kemur á daginn skoði maður bækur sem flokka má undir trúarbragðafræði í víðri merkingu en þar eru afar mörg og ólík fyrirbæri flokkuð eru undir trúarhugtakið, s.s. tótem, galdrar, marxismi, frjálshyggja, þjóðernishyggja, íþróttir og margt fleira. Ekkert þeirra virðist þó falla að trúarhugtaki Kimballs sem hvetur lesendur bókar sinnar til þess að fara inn á svið samanburðartrúarbragðafræði og afla sér þekkingar á svokölluðum heimstrúarbrögðum og nefnir hann í því sambandi hindúasið, búddatrú, gyðingdóm, kristni, íslam, shinto, manikeisma og trú frumbyggja Norður-Ameríku, svo að nokkuð sé nefnt. Skoði maður slík fyrirbæri og beri saman ættu flestir, að mati Kimballs, að geta komast að niðurstöðu um hvað trú sé.<sup>13</sup>

Þessi nálgun er athyglisverð. Því skyldum við leita svara þarna en ekki annars staðar? Augljóslega má finna ýmislegt sameiginlegt með þeim fyrirbærum sem Kimball bendir á, en líka margt mjög ólíkt. Og hvernig ber að skilja það þegar hliðstæð fyrirbæri og þau sem tengja má trúarbrögðum má einnig tengja t.d. þjóðernishyggju, kynþáttahyggju eða gagnkynhneigðarhyggju? Flestir kannast við dæmi úr samtímanum þar sem að ráðist er að útlendingum, þeldökku fólki, samkynhneigðu fólki og fleiri hópum með meintum óvæfengjanlegum staðhæfingum um eðli þeirra, uppruna eða líferni, þessu fólki er gjarnan hótad eða það jafnvel beitt ofbeldi. Ef ætlunin er að benda á einkenni trúar sem geta leitt til ofbeldis, hvernig fjöllum við þá um sambærileg fyrirbæri í veraldlegu samhengi? Hvernig er best að skilja og flokka þjóðernishyggju og iðkun hennar, svo að dæmi sé tekið? Hverju svarar Kimball því? Gerir hann skýran greinarmun á trúarlegri og veraldlegri hugmyndafræði? Þetta er ekkert smáatriði heldur varðar kjarna máls, ef marka má fjölda fræðimanna sem allt frá því um 1960 hafa haldið því fram að þjóðernishyggju megi flokka sem ein áhrifamestu trúarbrögð heims.<sup>14</sup> Í slíkum tilvikum er gengið út frá hlutverkaskilgreiningu á trú fremur en inntaksskilgreiningu. Trú vísar þá fyrst og fremst til hugmyndafræði, gildismats og hegðunar en síður til inntaks kennisetninga.

Kimball virðist fara býsna nálægt því að setja jafnaðarmerki milli fyrsta viðvörunarljóssins, óvæfengjanlegra trúarstaðhæfinga, og keimlíkra staðhæfinga í heimi stjórnmála, og

<sup>10</sup> Sama rit, bls. 6

<sup>11</sup> Sama rit, bls. 15.

<sup>12</sup> Sama rit, s. st.

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 18–26. Margir kynnu að setja spurningarmerki við þessa tillögu Kimballs en hér verður henni ekki gefinn nánari gaumur.

<sup>14</sup> Carlton Heys, *Nationalism: A Religion*, New York: Macmillan, 1960; Peter van der Veer, „The Moral State: Religion, Nation, and Empire in Victorian Britain and India“, *Nation and Religion: Perspectives on Europe and Asia*, ritstj. Peter van der Veer og Hartmut Lehmann, Princeton, NJ: Princeton University Press, 1999, bls. 3–9; Talal Asad, „Religion, Nation-State, Secularism“, *Nation and Religion*, ritstj. Van der Veer og Lehmann, bls. 178–191; Carolyn Marvin og David W. Ingle, *Blood Sacrifice and the Nation: Totem Rituals and the American Flag*, Cambridge: Cambridge University Press, 1999. Nú um stundir eru þeir margir sem fella t.d. kapitalisma og neytlshyggju undir trú, sbr. Francis Chin-Wah Yip, *Capitalism as Religion: A Study of Paul Tillich's Interpretation of Modernity*, Harvard: Harvard University Press, 2011.

Það gæti bent til þess að hann aðhyllist hlutverkaskilgreiningu trúar, að minnsta kosti upp að vissu marki. Dæmi um það er þegar hann fjallar um framgöngu forseta Bandaríkjanna, George W. Bush, skömmu eftir hryðjuverkaárásina 11. september, sem viðhafði þau orð að bæði einstaklingar og þjóðir yrðu að velja milli hins góða og hins illa í veröldinni. Kimball segir að Bush hafi stuðst við kröftugt trúarlegt myndmál þegar hann lýsti heiminum sem áttaksvæði milli góðra og illra krafta. Öllum mönnum bar skylda til, eftir 11. september, að mati Bush, að taka afstöðu til þess hvar í flokki þeir vildu vera, með hinu illa eða hinu góða.<sup>15</sup> Hvort er þá staðhæfing Bush um verkefni frjálslyndra lýðræðisríkja gegn illskunni í veröldinni trúarlegs eðlis eða veraldlegs? Hvaða máli skiptir það? Er eitthvert gagn að því að skilja á milli þessara sviða? Það er spurning sem ég mun halda áfram að velta fyrir mér í þessari grein.

Lítum næst á annað viðvörunarljós Kimballs, sem er svonefnd blind hlýðni. Dæmi hans um þetta fyrirbæri koma einkum frá sértrúarhópum eða söfnuðum þar sem sterkur trúarleiðtogi sannfærir fylgismenn sína um að fylgja sér og fremja hin hræðilegustu ofbeldisverk.<sup>16</sup> Nokkur vel þekkt dæmi um slíkt má finna í nútímanum og notar Kimball þau til að rökstyðja skoðun sína um hvernig trú getur umbreytt í illsku. Skýringar hans á þessu fyrirbæri eru sálfræðilegs eðlis og ganga út á að sannfæringarmáttur hins karismatíska leiðtoga megni að hrífa ákveðna einstaklinga svo mjög að þeir missi sjónar á venjulegri skynsemi og yfirvegun. Þegar trúaðir einstaklingar afsala sér persónulegri ábyrgð, skrifar Kimball, og beygja sig undir vald leiðtogans verða þeir líkt og þrælar. Við slíkar aðstæður getur það gerst að trúin umbreyttist í ofbeldi og verði tortímandi afl. Lítum betur á þetta einkenni.<sup>17</sup>

Hlýðni er ekki óþekkt fyrirbæri á hinu opinbera, veraldlega sviði. Dæmi um það eru einstaklingar og hópar í þjónustu ríkisins sem hlíta skipunum yfirmanna sinna.<sup>18</sup> Taka má dæmi af hermanni og lögreglumanni í þjónustu hins opinbera. Báðum ber skylda til að taka þátt í aðgerðum sem heyra til herdeildar þeirra eða vakthóps. Þar gildir ekki persónulegt valfrelsi heldur mætti fremur tala um skilyrðislausu hlýðniskyldu. Ef við hugleidum orðin „blind“ hlýðni og „skilyrðislaus“ hlýðni, hver er þá munurinn á því að hlýða boði yfirmanns síns innan herdeildar eða lögreglunnar og að hlýða fyrirmælum sterks trúarleiðtoga? Í hvorugu tilvikinu er mögulegt að óhlýðnast og í báðum tilvikum er hugsanlegt að ofbeldi hljótist af. Hvaða máli skiptir aðgreiningin í veraldlegt – trúarlegt svið hér ef markmiðið er að vara við einkennum eða hugmyndum sem geta leitt til ofbeldis?

Ef við skoðum betur þau skilyrðislausu hlýðniþöð sem eiga sér stað á hinum veraldlega vettvangi samfélagsins þá væri hægt að segja að þegar skipað sé fyrir um ofbeldi í því samhengi, eigi það sér jafnan réttlætningu og því sé það ekki jafn varhugavert og trúarlegt ofbeldi. Ofbeldi af hálfu ríkisins sé dæmi um lögmætt ofbeldi, andstætt því ofbeldi sem framið er í nafni trúar. En er það svona einfalt? Svo virðist reyndar vera, ef marka má skrif Kimballs. Margir eru honum eflaust sammála en því bendir Kimball ekki á hliðstæð dæmi af hinu veraldlega sviði? Ég tel að með sömu rökum og Kimball heldur á loft varðandi hið svokallaða trúarlega svið, þar sem trú getur umbreytt og orðið verkfæri illsku og haturs, megi halda því sama fram um alls kyns veraldleg skilyrðislaus hlýðniþöð. Hver gefur skipanir og hverjir hlýða í blindni í Sýrlandi um þessar mundir þar sem hryllilegt stríð geisar? Það eru bæði veraldlegir og trúarlegir leiðtogar, sem segir okkur að sjaldnast er hægt að

<sup>15</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil*, bls. 43–44. Sjá ræðu George W. Bush frá 21. september 2001 á vefsíðu *The Guardian*, sótt 29. nóvember 2016 af <https://www.theguardian.com/world/2001/sep/21/september11.usa13>.

<sup>16</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil*, bls. 82–100.

<sup>17</sup> Sama rit, bls. 82.

<sup>18</sup> Í örfáum tilvikum er til leið framhjá slíku, sbr. hugtakið samviskufrelsi. Það er þó undantekningin frá reglunni.

aðgreina hið veraldlega frá hinu trúarlega svo að vel sé. Aftur erum við komin að aðgreiningunni milli hins trúarlega sviðs og hins veraldlega sviðs og spurningunni um hversu gagnlegt sé að einangra og aðgreina svokallaða trúarsannfæringu og frá sambærilegum fyrirbærum á hinu veraldlega sviði.

Þrjú síðustu viðvörunarljós Kimballs sveigir hann jöfnum höndum að veraldlegri og trúarlegri orðræðu. Í kaflanum um fullnustu tímans tekur hann bæði dæmi frá fornri tíð og samtíma okkar. Baráttan um musterið í Jerúsalem, hugmyndin um þúsund ára ríkið, sex daga stríðið 1967 og fleiri atburðir — allt eru þetta þekkt dæmi um það þegar vísað hefur verið til hinna síðustu tíma og dómsdags yfir hinum syndugu og hrokafullu. Af svokölluðum réttlætisástæðum er á það bent með þessum hugmyndum að skapa þurfi betri framtíð og ryðja því spillta úr vegi. Þessa orðræðu tengir Kimball einkanlega trúarhefðum en að hans mati eiga þær flestar upptök í gagnrýni á spillingu og hroka.<sup>19</sup> Fullnusta tímans er því hugmyndin um að tímabært sé að hefjast handa við það verk.<sup>20</sup>

Kimball er sérfræðingur í islömskum fræðum. Því er ekki að undra að hann verji drjúgum hluta bókarinnar í dæmi sem varpa ljósi á þá trúarhefð. Hann kappkostar að leiðrétta villandi og oft órökstudda sýn Vesturlandabúa á íslam og segir íslam vera miklu meira en bara trú(arhefð). Íslam sé bæði lífsskoðun og lífsmáti með andlegum, félagslegum, hagrænum, pólitískum og hernaðarlegum víddum.<sup>21</sup> En þá má spyrja hvað sé átt við með eiginlegri trúarhefð. Til að geta svarað því þarf nauðsynlega að vita hvað trú er en svar Kimballs við því er enn óljóst.

Undir lok kaflans um fullnustu tímans fjallar Kimball um bandarísku trúarsamtökin *The Moral Majority* og *The Christian Coalition*. Þessi samtök eru þekkt fyrir að tala um nauðsyn þess að endurreisa kristin gildi og vísa jöfnum höndum til fornrar frægðar og yfirburða hinna kristnu sem þurfi að hefja til vegs og virðingar að nýju. Þessi orðræða minnir óneitanlega á orðræðu Donalds Trumps í aðdraganda forsetakosninganna 2016 um að gera Ameríku aftur að stórveldi (e. *make America great again*). Hvað er hættulegt við slíka orðræðu? Samkvæmt Kimball virðist svarið það að það sé freistingin að innleiða lög Guðs og leitast við að koma á fót guðsríkinu á grundvelli laga og reglna trúarhefðarinnar. Kristin hægriöfl í Bandaríkjunum, segir Kimball, blanda saman þröngum guðsskilningi sínum og eigin lygum og eru að því leyti sambærileg við álíka trúarhópa og samtök hvar sem er í veröldinni. Hann vitnar í Pat Buchanan, sem sóttist eftir að verða forsetaefni Repúblikana 1993, er hann lét hafa eftirfarandi eftir sér: „Menning okkar er æðri vegna þess að kristni er okkar trúarhefð og sú trú er sönn því hún boðar að allir menn séu frjálsir.“<sup>22</sup> Í ofangreindum orðum ganga menning og trúarhefð í eina sæng og frelsi virðist kjarni sannrar trúar!

Ályktun Kimballs í þessu tiltekna samhengi er að allar mannlegar tilraunir til að koma á guðsríkinu séu dæmdar til að mistakast. Það staðfesti sagan, allt frá biblíulegum tímum fram á okkar daga. Reiði, vonleysi og uppgjöf í samfélaginu eigi að fá útrás með því að skipta um ríkisstjórn, ekki með því að reyna að koma á hinu fullkomna ríki. Niðurstaða Kimballs hér snýst síðan upp í umræðu um hið sanna eðli trúarhefða (e. *authentic religions*). Forsenda hans í þeirri orðræðu er greinilega hið gyðingkristna kærleiksboðorð — að elska Guð og elska náungann eins og sjálfan sig — sem hann staðhæfir að eigi samhljóm í öllum „sönnum“

<sup>19</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil*, bls. 114–115.

<sup>20</sup> Í kristnu trúarsamhengi skírskotar gríska hugtakið *kairos* til ögurstundar og upphafs nýrra tíma, sbr. í upphafi Markúsarguðspjalls (Mrk 1.15) þar sem Jesús boðar gagnger sinnaskipti sem undanfara ríkis hans og réttlætis, sbr. orðin: „Tíminn er fullnaður og Guðs ríki í nánd. Takið sinnaskiptum og trúið fagnaðarerindinu.“

<sup>21</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil*, bls. 116.

<sup>22</sup> Sama rit, bls. 131.

trúarhefðum. Sönn trú, segir hann, hverfist um frið og sátt, ekki ofbeldi og stríð. Tilvísanir og tal um fullnustu tímans og sköpun fullkomins guðsríkis á jörðu álitur hann vera dæmi um trú sem hafi runnið út af sporinu.<sup>23</sup> Þegar hér er komið sögu gerist Kimball boðandi í skrifum sínum og lætur sér ekki lengur nægja að lýsa birtingarmyndum fyrirbæris í menningunni sem hann kallar trú heldur staðhæfir að til sé sameiginlegur kjarni hinna stóru trúarhefða og sá kjarni sé friðelskandi.

Saga nútímastríðsrekstrar milli sjálfstæðra þjóðríkja geymir fjölmörg dæmi um fjórða viðvörunarljós Kimballs, sem er að tilgangurinn helgi meðalið, en það segir hann nátengt viðvörunarljósinu um fullnustu tímans. Ótal dæmi séu fyrir hendi um þetta atriði, allt frá kjarnorkusprenjum sem varpað var á saklaust fólk í Hiróshíma og Nagasaki til harðneskjulegra pyntingaaðferða vestrænna lýðræðisríkja í þágu friðar og sannleika í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Tvíburaturnana. Þá megi finna fjölmörg dæmi þess að fólk vísi til æðri tilgangs þegar það leitist við að réttlæta óréttlátar stofnanir og vafasama hegðun einstaklinga í þjónustu þeirra. Þetta eigi jafnt við um trúarlegar og veraldlegar stofnanir en Kimball tekur fyrst og fremst dæmi af hinum fyrrnefndu og fjallar um viðbrögð kaþólsku kirkjunnar eftir að upp komst um misnotkun fjölmargra þjóna hennar á börnum.<sup>24</sup> Svik kaþólsku kirkjunnar við börnin fólust í því að kirkjan hafði misst sjónar á hinu sanna markmiði sínu, sem er boðskapur Jesú Krists. Þess í stað gerði hún sjálfa sig að markmiði, skrifar Kimball og vísar til Jesú þegar hann læknaði á hvíldardegi með þeim orðum að hvíldardagurinn hafi orðið til fólksins vegna en ekki öfugt.<sup>25</sup>

Í umfjöllun sinni um fjórða viðvörunarljósið rennur hið trúarlega og hið veraldlega svið iðulega saman hjá Kimball. Hann nefnir fjölmörg dæmi um að trúarsannfæring hafi leitt til þess að alvarlegir ofbeldisatburðir hafi verið framdir en ítrekar jafnframt að þeir sömu atburðir hafi aldrei einvörðungu snúist um trú heldur hafi stjórnálalegir, viðskiptalegir og félagslegir þættir einnig haft áhrif á gang mála. Ekki hefur hann fyrr sleppt orðinu en að hann klifar aftur á að hvað sem öllu líði eigi trúarskoðanir, eða í það minnsta trúarlegar rætur veraldlegra skoðana, sinn mikla þátt í alls kyns ofbeldi, stríði og voðaverkum. Lokaályktun hans er að trúarhefðir eigi allar sinn góða kjarna en eigi það jafnframt til að afbakast. Þegar slíkt gerist verði trú(arsannfæring) aflvaki illverka.<sup>26</sup>

Síðasta viðvörunarljósið í smíðju Kimballs fjallar um heilög stríð. Kimball fullyrðir að í nafni trúarbragða hafi fleiri stríð hafi verið háð, fleiri manneskjur misst lífið og meira illt verið framið en í nafni nokkurrar annarrar stofnunar í sögu mannkyns.<sup>27</sup> Sama sagan sýni sig í samtímanum þar sem trúarleiðtogar og stríðsmenn dragi upp mynd af stríði sem heilagri nauðsyn. Með því móti endurtaki þeir mistök fyrri tíðar og afbaki góðan kjarna trúar sinnar sem þeir þó þykist vera að verja. Að kalla stríð heilagt, skrifar Kimball, er öruggt merki um afbakaðan trúarsannleika. Það sé staðreynd að kjarni allra sannra trúarkenninga sé friðsamlegur, og sönn trú boði bæði innri frið og samfélagslega skyldu þess efnis að leita friðsamlegra leiða til að mannkyn geti búið í sátt og samlyndi í heiminum.<sup>28</sup>

Alltaf þegar stríði er lýst yfir í nafni trúarhefðar er hætta á ferðum. Þetta staðhæfir Kimball en bók hans kom út á sama tíma og hernaðaráætlun undir forystu Bandaríkjanna (*Operation Infinite Justice*) gegn hryðjuverkum var hrint í framkvæmd árið 2002. En hver er munurinn á

<sup>23</sup> Sama rit, bls. 139.

<sup>24</sup> Sama rit, bls. 154–161.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 162.

<sup>26</sup> Sama rit, bls. 138.

<sup>27</sup> Sama rit, bls. 168.

<sup>28</sup> Sama rit, s. st.

yfirlýsingum trúarsamtaka um heilagt stríð og því þegar stjórnvöld lýsa yfir stríði gegn hryðjuverkum? Er ekki samsvarandi hætta á ferð hvað ofbeldi og eyðileggingu varðar, blasa ekki við skelfileg stríðsátök, blóðsúthellingar, dauði og sorg? Skiptir það máli hver boðar stríð?

Þegar hér er komið sögu höfum við færst inn á svið kenningarinnar um réttlæt看leg stríð (e. *just war theories*) en sú hefð er klassísk í kristnu samhengi og hefur verið haldið á loft allt frá tímum Ágústínusar kirkjuföður á 5. öld og fram á okkar tíma. *Jus ad bellum* skilyrðin, þ.e. skilyrðin sem uppfylla verður, samkvæmt þeirri kenningu, áður en réttlæt看legt er að hefja stríð, voru þrjú og hið fyrsta var einmitt krafan um að einungis réttmæt yfirvöld geti lýst yfir stríði.<sup>29</sup> Hver sem er getur ekki tekið ákvörðun um að hefja stríð heldur geta aðeins lögmæt yfirvöld verið þar að verki. Að baki þessu skilyrði býr skilningur á tvíþættu hlutverki yfirvalda: annars vegar að stuðla að almannahag og hins vegar að refsa þeim sem brotið hafa af sér. Með vísan í annað hvort geta lögmæt yfirvöld tekið ákvörðun um að hefja stríð. Samtímis útilokar skilyrðið að aðrir en lögmæt yfirvöld geri það sama.

Kimball útskýrir þetta mál og segist vera þess fullviss að einmitt þessu skilyrði hafi verið fullnægt þegar George W. Bush lýsti yfir stríði gegn hryðjuverkum. Annað hefur komið á daginn, eins og allir vita, en Kimball, sem er í góðri trú varðandi þetta atriði árið 2002, telur ekki ástæðu til að velta meira vöngum yfir því heldur leggur allt kapp á að boða þá skoðun sína að sönn trú sé friðsamleg innst inni. Þrátt fyrir að sagan sýni með óyggjandi hætti að fulltrúar trúarhefða hafi löngum átt þátt í ofbeldi og stríðsátökum megnar það ekki að breyta skoðun hans. Trúarhefðir séu friðsamlegar en eigi það til að villast af réttri leið og afbakast. Til að koma í veg fyrir skelfilegar afleiðingar slíkrar afbökunar gildi að þekkja merkingu viðvörunarljósanna og kunna að bregðast við þeim á réttan hátt.<sup>30</sup>

## Hið trúarlega og hið veraldlega svið

Mál er að linni greiningu á trúarskilningi Kimballs sem byggist á framsetningu hans í bókinni *When Religion Becomes Evil*. Það sem er augljóst er að Kimball heldur sig við tvíbentan trúarskilning. Dæmin sem hann tekur úr ólíkum trúarhefðum, frá ólíkum tímum í sögunni, sýna í fyrsta lagi að trú í hans huga er sjálfstætt fyrirbæri sem hægt er að greina frá veraldlegum fyrirbærum. Tala mætti um eðlishyggju hjá Kimball að þessu leyti því að hann leggur mikla áherslu á að einhver kjarni sé sameiginlegur allri sannri trú. Þetta kemur ítrekað fram í skrifum hans um hið sanna eðli trúar. Trú sé í eðli sínu góð en geti spillst og orðið vond. Í hnotskurn virðist honum inntak eða hið sanna eðli allra trúarskoðana mismunandi trúarhefða vera friður og sátt en mörg dæmi sögunnar færa þó sanninn heim um það að þessi kjarni getur snúist upp í andhverfu sína. Dæmin fimm sem bók Kimballs hverfast um eiga að sannfæra okkur um það.

Jafnhliða þessum trúarskilningi, og kannski á grundvelli hans, leitast Kimball við að halda fram vissri aðgreiningu milli hins svokallaða trúarlega og hins veraldlega sviðs. Hér má þó segja að hann komist oft í mótsögn við sjálfan sig. Hin fjölmörgu dæmi sem hann tekur vekja nefnilega öll spurningar um hvað kalla skal veraldlegt og hvað trúarlegt. Kjarnaatriði hjá Kimball er boðskapur hans um inntak trúar og að þetta inntak geti spillst. Til þess að

<sup>29</sup> Hin tvö skilyrðin eru réttmæt ástæða sem felur í sér að ekki megi heyja stríð af hvaða ástæðu sem er, heldur þurfi ástæðan að baki stríðsrekstri að vera sú að fullnægja eigi réttlætinu. Lúther var ósammála Ágústínusi um þetta og taldi að einu réttlæt看legu stríðin væru varnarstríð. Þriðja atriði kenningarinnar um réttlæt看legt stríð var það að fara yrði í stríð vegna réttmæts markmiðs, sem gat verið að tryggja frið og öryggi borgaranna eða koma á röð og reglu í samfélaginu.

<sup>30</sup> Charles Kimball, *When Religion Becomes Evil*, bls. 169.

halda slíku fram þarf trú að vera eitthvað fast í hendi sem hægt er að aðgreina frá veraldlegu fyrirbæri. Hvað eftir annað rekur maður sig á að þessi aðgreining gengur ekki upp hjá Kimball. Hið trúarlega og hið veraldlega blandast iðulega og rennur saman í eitt. Aðgreiningin milli trúarlegra fyrirbæra og veraldlegra haltrar og hrynur hér og hvar.

Kimball er langt því einn á báti hvað þetta vandamál áhrærir. Svipað á við hjá trúarbragðasagnfræðingnum Martin Marty en markmið bókar hans og Jonathans Moores, *Politics, Religion, and the Common Good*, er keimlíkt og hjá Kimball, eða að benda á ákveðinn eiginleika trúar sem leitt geti til ofbeldis. Marty er ekki eins metnaðarfullur og Kimball og lætur nægja að benda á aðeins eitt hættulegt atriði, sem er sundrandi eiginleiki trúar. Með tilvísun til reynsluröksemda segir hann að það einkenni þá sem eru trúaðir að þeir leitist við að aðgreina sig frá öðrum, sem hann útskýrir svo að trúað fólk líti gjarnan á sig útvalinn hóp.<sup>31</sup>

Hvað er þá trú að mati Marty? Því svarar hann svo að trúarbragðasagnfræðingar muni aldrei geta komið sér saman um það, en lætur þó til leiðast að nefna fimm þætti sem hann telur að verði að minnsta kosti að vera til staðar svo að kalla megi fyrirbæri trú. Í fyrsta lagi sé trú eitthvað sem maðurinn telji mikilvægast (e. *ultimate concern*), í öðru lagi sé samfélag nauðsynlegt einkenni trúar, í þriðja og fjórða lagi séu goðsagnir og tákni, helgisiðir og ritúöl mikilvægir þættir trúar og að lokum krefjist trúarsamfélagið ákveðinnar hegðunar af fylgjendum sínum.<sup>32</sup>

Þótt ýmislegt skilji á milli eru Marty og Kimball sammála um að trú geti umbreytst og orðið hættuleg. Báðir ganga þeir út frá sameiginlegum kjarna allrar trúar sem þó geti undir vissum kringumstæðum spillst. Þannig eru þeir sammála um að trú sé sjálfstætt fyrirbæri í efnisheiminum, þ.e. hún eigi sér sjálfstæða tilvist og hana megi finna á öllum tímum í þversögulegu og menningarlegu samhengi. Afstaða Marty er þó að því leyti ólík þeirri sem Kimball stendur fyrir að hann lítur svo á að sömu fimm þættir og einkenni trú geti jafnframt átt við um stjórnsmál. Veraldleg stjórnsmál vísi einnig til æðri gilda, þau virki samfélags-hvetjandi, nýti sér goðsagnir, tákni, helgisiði og innan þeirra hafi menn skoðanir á framferði og hegðun flokksbundinna félaga.<sup>33</sup> Með þetta í huga má spyrja hvaða tilgangi það þjóni þá í huga Marty að aðgreina fyrirbærin trú og stjórnsmál?

Svar Marty við því virðist vera að hann sé ekki að reyna að skilgreina trú heldur leitist hann aðeins við að benda á ákveðin fyrirbæri sem hjálpi til við skilning á fyrirbærinu. Þegar allt kemur til alls eru vandamál Marty og Kimballs þó af svipuðum toga því að erfitt er að fylgja hugsun þeirra um tengsl hins trúarlega og veraldlega sem þeir ýmist tala um sem tvennt ólíkt eða ekki. Markmið beggja er að auka þekkingu á inntaki trúar og benda á að trú geti verið hvati ofbeldis. Grundvallarskilningur beggja er sá sami: að trú sé jákvætt fyrirbæri í grunninn en hún geti þó auðveldlega spillst. Með blöndu hlutverkanálgunar og inntaksnálgunar virðist Marty í mun að mýkja aðgreininguna milli trúar og stjórnsmála en varar engu að síður aðeins við hættunni sem stafað getur af trú. Engin sambærileg viðvörðun á sér stað varðandi veraldleg stjórnsmál og spillingarmátt þeirra.

Svipaða framsetningu á sambandi trúar og ofbeldis og finna má hjá Kimball og Marty hér að framan má finna víðar. Þannig ályktaði félagsfræðingurinn Mark Juergensmeyer í bókinni *Terror in the Mind of God: The Global Rise of Religious Violence*: „Trú virðist tengjast ofbeldi svo gott sem alls staðar“.<sup>34</sup> Í síðari skrifum ræðir Juergensmeyer hvort æskilegt sé að nálgast trú

<sup>31</sup> Martin Marty og Jonathan Moore, *Politics, Religion, and the Common Good*, San Francisco, CA: Jossey-Bass, 2000, bls. 25–26.

<sup>32</sup> Sama rit, s. st.

<sup>33</sup> Sama rit, bls. 10–14.

<sup>34</sup> Mark Juergensmeyer, *Terror in the Mind of God: The Global Rise of Religious Violence*, Berkeley: University of California Press, 2000, bls. xi.



frá sjónarhóli mótunarhyggju fremur en eðlis- og hlutverkahyggju. Með slíkri nálgun yrði trú ekki eitthvað óbreytanlegt, þversögulegt og menningarlegt fyrirbæri sem ferðaðist tiltölulega óbreytt fram á við í tíma og rúmi heldur væri hún síkvik og stöðugum breytingum undirorpin. Hið veraldlega í dag er nokkurs konar framþróun trúarinnar, skrifar Juergensmeyer, og kemst að þeirri niðurstöðu að erfitt sé að aðgreina skarpt milli hins trúarlega og hins veraldlega sviðs.<sup>35</sup>

## Trú og óskynsemi

Það sem eftir lifir greinar hyggst ég ræða meinta gagnsemi skarprar aðgreiningar milli hins trúarlega og hins veraldlega ásamt því að gagnrýna þá algengu skoðun að trú og ofbeldi tengist sérstökum böndum. Trúarhugtakið verður áfram í forgrunni umræðunnar. Eins og áður er nefnt hafa komið fram efasemdir um að hið svokallaða veraldlega svið einkennist af skynsemishugsun en hið trúarlega svið geri það aftur á móti ekki.<sup>36</sup> Dæmi um fyrrnefnda skoðun má finna í skrifum félagsfræðingsins Charles Selenguts en að hans mati einkennast trúarlegar kennisetningar af skorti á skynsemi.<sup>37</sup>

Trú sé öðruvísi en aðrar skuldbindingar, hinir trúuðu skilji trúarlegar reglur og fyrirmæli á allt annan hátt en venjulegar félagslegar reglur og samskipti. Almenn dómgreind, skynsemisrök og mat á hegðun — ekkert af þessu eigi við um trúarlegt atferli. Þetta eigi margir veraldlegir fræðimenn, stjórnarereindrekar og venjulegt fólk erfitt með að skilja, sérstaklega þeir sem eru frá vestrænum löndum þar sem áherslur upplýsingarhefðarinnar eru sterkar. Allt önnur rökvísi og siðir stjórni ákvörðunum sem teknar eru innan öfgafullra trúarsamfélaga.<sup>38</sup>

Til að lýsa trú tekur Selengut dæmi af fólki sem fremur sjálfsmorð, um leið og það tortímur öðrum, í nafni trúar í þeirri von að það komist til himna og hljóti þar verðskulduð laun fyrir verk sitt.<sup>39</sup> Hér er rétt að nema staðar og spyrja hvort slíkt dæmi sé sanngjarnt. Hvað segir slíkt dæmi um hið svokallaða trúarlega svið eða trúarlegan veruleika? Er það svo að trúað fólk sé almennt mögulegir glæpamenn? Þessu myndu flestir svara neitandi.

Annað sem vekur athygli í skrifum Selenguts er neikvæður samanburður hans á þróun hins vestræna heims og óheillavænlegri vanþróun hins „óvestræna“ heims. Hann skrifar:

Trúarkenningar og trúarlegt atferli byggjast ekki á visindum, hagnýtri stjórnspeki, vestrænum hugmyndum um skynsemi eða skilvirkni heldur hlýðni við boðorð Guðs hvað sem það kostar. Heilagt stríð er því tæpast hægt að laga að skynsemislausnum. Trúaðir stríðsmenn Guðs, hvort sem þeir eru í Afganistan, Ísrael, Palestínu eða í Flórída, lifa í sálrænum og félagslegum veruleika sem er allt annar en þeirra sem ekki eru trúaðir. Þessir tveir hópar hugsa og skynja líf, dauða, stríð og það að deyja píslarvættisdauða á gerólíkan hátt.<sup>40</sup>

Skrif Selenguts ýta undir hugmyndir um framandleika og fordóma í garð þeirra sem eru sagðir vera „óvestrænir“ í hugsun. Með því að halda fast við skarpa aðgreiningu milli trúaðra og ekki trúaðra er hægt að mála þá sem eru trúaðir sterkum, afdráttarlausum og framandi litum. Niðurstaðan er sú sem lagt er upp með: *Við* sem erum vestræn og skynsöm erum á réttri braut, en *hin* sem eru trúuð og óskynsöm eiga langt í land með að ná okkur.

<sup>35</sup> Mark Juergensmeyer, *Global Rebellion: Religious Challenges to the Secular State, from Christian Militias to al Qaeda*, Berkely: University of California Press, bls. 19–24.

<sup>36</sup> Samanber skoðun Williams Cavanaugh, sem reifuð var í upphafi greinarinnar.

<sup>37</sup> Charles Selengut, *Sacred Fury*, bls. 228.

<sup>38</sup> Sama rit, bls. 6.

<sup>39</sup> Sama rit, bls. 21.

<sup>40</sup> Sama rit, bls. 44.

Meginatriði hjá Selengut, eins og mörgum öðrum, er að útskýra tengsl ofbeldis og trúar. Þrátt fyrir það lætur hann undir höfuð leggjast að skilgreina hugtakið trú. Líklega telur hann, líkt og Kimball og fleiri, ekki þörf á því. Aðgreiningin milli hins veraldlega og hins trúarlega er sjálfgefin og sú afstaða litar nálgun hans og túlkun á vandamálinu. En hvert er þá hið raunverulega vandamál? Er það trú, ofbeldi, eða hvort tveggja? Meginvandamálið er ofbeldi, á því held ég að leiki enginn vafi, en þó ekki allt ofbeldi heldur aðeins það ofbeldi sem hægt er að tengja við trú. Veraldlegt ofbeldi er ekki til umræðu. Selengut virðist ganga út frá því að friður einkenni þau lönd sem lagt hafa trúarlegt kennivald og kennisetningar til hliðar. Forsenda túlkunar hans er að við sem búum á Vesturlöndum höfum veraldarvætt samfélög okkar, komið trú fyrir á einkasviðinu og þar með lagt að baki óskynsemi, fáfræði og kreddur. Þess vegna ríki friður á Vesturlöndum. Vandamálið sé að sams konar þróun hafi ekki náð að festa rætur í löndum þar sem íslömsk trúarhefð er til staðar. Ofbeldisógn sú sem stafi frá íslamskri trúarhefð sé til komin vegna þess að trú sem sé óskynsamleg fái of mikið vægi. Innihaldsleg aðgreining milli veraldlegs og trúarlegs sviðs og hugmynda er þannig nauðsynleg forsenda útskýringa á árekstrum milli austurs og vesturs, milli kristni og íslam, að mati Selenguts og fjölmargra fleiri.

Stöldrum aðeins við. Hvað með vestræn ríki sem stunda stríðsrekstur víða um heim á veraldlegum forsendum? Hvað með Bandaríkin sem hafa blandað sér í átök víða um heim og staðið fyrir gegndarlausu ofbeldi með stríðsrekstri sínum? Þau eru veraldarvædd í þeirri merkingu að þau beita ekki fyrir sig trúarlegum bókstaf til að réttlæta ofbeldi og stríð heldur veraldlegum rökum, s.s. um nauðsyn þess að koma á friði, réttlæti, lýðræði o.s.frv. Er ofbeldi þeirra þar með hlutlaust og hafið yfir gagnrýni? Er engin þörf á að ræða það og bera saman við trúarlegt ofbeldi? Er veraldlegt ofbeldi svo augljóslega réttlætanlegt og öllum skiljanlegt að þess þurfi ekki? Svárið er líklega jákvætt þar sem hið veraldlega er fyrirfram sagt vera af góðum og skynsamlegum meiddi. Ofbeldi og stríð sem stutt er veraldlegum rökum er gott en ofbeldi og stríð sem stutt er trúarlegum rökum er vont.

Þessi niðurstaða hugnast mér ekki. Ef vandamálið er ofbeldi, hlýtur allt sem stuðlar að ofbeldi að vera varasamt og rétt að vara við því. Ef þarf að vara við trú vegna þess að hún á það til að afbakast og leiða til ofbeldis þá gildir röklega það sama um öll sams konar fyrirbæri á hinu veraldlega sviði. Næg eru dæmin um ofbeldi og stríð sem vestræn, veraldarvædd ríki hafa staðið að, jafnt í sögu sem samtíð. Hvers vegna hvetja fræðimenn til þess að sjónum skuli beint að trú sem hættulegu fyrirbæri og hvata ofbeldis, en líta framhjá veraldlegri skynsemi sem virðist hafa sams konar hvata til að bera? Ef við sjáum þetta ekki, gæti það þá verið vegna þess að aðgreiningin milli hins trúarlega og hins veraldlega blindar okkur? Því er erfitt að svara afdráttarlaust en svo mikið er víst að sú aðgreining er haldlítill, samanber skrif trúarbragðafræðinga eins og Kimballs og fleiri, þar sem hún hindrar okkur í að koma auga á hið augljósa samband milli veraldlegrar skynsemi og ofbeldis og stríðsreksturs.

## Umræða og ályktanir

Það er engin ástæða til að afneita því að samtök og hópar sem skilgreint hafa sig sem trúarleg í einhverri merkingu hafa framið hryllileg ofbeldisverk. Um þetta eru óyggjandi dæmi í sögu og samtíð. Á sama hátt er engin ástæða til að afneita því að veraldleg hugmyndafræði og röksemdir sem kenna má t.d. við þjóðernishyggju af einhverju tagi hafa verið notaðar til að réttlæta grimmilegasta ofbeldi og stríð.

Trúarbragðafraeðingar og fræðimenn af öðrum sviðum hafa upp á síðkastið gert mikið úr sambandi trúarhugmynda og ofbeldis og varað við því að trú geti verið orsakavaldur ofbeldis. Flestir sem flytja slíkan boðskap gera það á grundvelli skarprar aðgreiningar milli hins trúarlega og hins veraldlega sviðs. Vandamálið sem ég hef leitast við að benda á í þessari grein er að til þess að slík aðgreining sé gagnleg er nauðsynlegt að skilgreina trú á þann hátt að við verði unað röklega. Án skilgreiningar á trú er erfitt að átta sig á af hverju hún geti verið hættuleg. Eins og hér hefur verið sýnt fram á er þetta sjaldnast gert með skýrum hætti og kemur eflaust margt til. Stundum þykir það óþarfi þar sem ráð er fyrir því gert að allir viti hvaða fyrirbæri sé um að ræða. Dæmi um slíka afstöðu má finna í upphafi bókar Kimballs sem leitast þó við að bæta úr þeirri vöntun síðar þegar hann ákvarðar eðli sannrar trúar. Ef trú er sönn, ályktar Kimball, felur hún í sér hugsjón um gildi friðar. En hvaðan kemur sú fullvissa?

Algengasta ástæðan fyrir því að skilgreina ekki trú er þó líklega sú að enginn samhljómur ríkir meðal fræðimanna um hvað hún sé. Þessi staðreynd þykir mér grafa undan gagnsemi of skarprar aðgreiningar milli hins trúarlega og hins veraldlega. Ef vara á við trú með þeim rökum að hún geti verið hættuleg og leitt til ofbeldis þarf að vita hvað hún er. Selengt átti vissulega svar við spurningunni, en í hans huga var trú það sama og óskynsemi og allt sem sé óskynsamlegt geti verið hættulegt. Þannig þjónaði aðgreiningin milli hins trúarlega og hins veraldlega þeim tilgangi að dæma allar svokallaðar trúarlegar hugmyndur úr leik fyrirfram. Þetta þykir mér bæði ódýr forsenda og ótrúverðug niðurstaða.

Væri þá betra að steypa í eitt form hinu svokallaða trúarlega og hinu svokallaða veraldlega? Já, eða í það minnsta að horfast í augu við að aðgreiningin, þótt hún geti í einhverjum tilvikum reynst gagnleg, sé það ekki alltaf. Það er skoðun mín að í orðræðu eins og þeirri sem hér hefur verið skoðuð sé gagnlegast að nálgast málið heildstætt fremur en að reyna að skipta veruleikanum upp í það sem sé trúarlegt annars vegar og veraldlegt hins vegar. Alhæfandi staðhæfingar, skilyrðislaus hlýðniboð, hugmyndir um fullnustu tímans, að tilgangurinn helgi meðalið og stríð séu heilög eða réttlætanagerleg — allt eru þetta skoðanir og röksemdir settar fram af fólki, skynsömu og óskynsömu fólki, sem lifir og hrærist í einum og sama heiminum sem jafnframt einkennist af miklum margbreytileika. Að ofangreindar framsetningar ólíkra manna séu hættulegri friðnum ef þær eru settar fram undir trúarlegum formerkjum, tel ég illskiljanlega ályktun. Í stað þess að vara við trú sem sérstökum ofbeldishvata og óskynsemi, er réttara í mínum huga að vara við öllum röksemdum sem hvetja til ofbeldis, án aðgreiningar, hvaðan sem þær koma. Flokkun í það sem er trúarlegt og það sem er veraldlegt breytir litlu í því sambandi.

Lokaorð mín hverfast um trúarhugtakið. Af þeim textum sem hér hafa verið til umræðu má sjá glitta í greinileg áhrif gyðinglegrar, kristinnar og íslamskrar túlkunar á friði. Boðskapur eingyðistrúarhefðanna þriggja um gildi friðar er alhæfur og yfirfærður á það sem kallað er sönn trú eða sönn trúarhefð og síðan staðhæft að allar sannar trúarhefðir eigi þennan kjarna sameiginlegan. Þessi skoðun kemur smám saman í ljós við lestur bókar Kimballs. Túlkun á mikilvægi friðar í eingyðistrúarhefðum verður þannig kjarni sannra trúarhefða í meðförum Kimballs. Þegar hann loks skilgreinir trúarhugtakið þá hefur hann opnað það upp á gátt og spennt það yfir margar og mismunandi trúarhefðir í austri jafnt sem vestri, sem oft eiga fátt sameiginlegt. Kimball er sannarlega ekki einn á báti hvað slíka framsetningu snertir en þó má segja að æ fleiri fræðimenn hafi efasemdir um gagnsemi þvermenningarlegs trúarhugtaks andspænis augljósum fjölbreytileika mismunandi menningarhefða í trúarlegum eignum. Það er sannarlega mikilvægt að skilja margvíslega og

mismunandi merkingu og hlutverk trúar í heiminum, segja þessir sömu fræðimenn, og einmitt þess vegna skyldi ekki taka trú til hliðar og meðhöndla sem einhvern furðuhlut á sérsviði sem sé gersneytt skynsemi. Til að mismunandi trúarveruleika og trúarhugmyndum séu gerð sanngjörn skil þarf að fjalla um trú samhliða öðrum menningarlegum fyrirbærum, án sérstakrar aðgreiningar.<sup>41</sup>

Mér finnst þetta sjónarmið allrar athygli vert og tek undir það. Af lestri bókar Kimballs og fleiri fræðimanna sem ég hef skoðað hér, virðist mér augljóst að skilningur á trú sé undir sterkum vestrænum, eingyðislegum áhrifum og það liti forsendur, túlkun og ályktanir umræðunnar. Nauðsynlegt er að rannsaka þetta munstur betur og spyrja hvaða afleiðingar það hafi á trúarbragðafræðilega umræðu, hvort sem hún snýst um ofbeldi eða eitthvert annað efni.

---

<sup>41</sup> Timothy Fitzgerald, *The Ideology of Religious Studies*, New York, Oxford: Oxford University Press, 2000, bls. 4–8.